



Fundargerð

49. fundur lýðheilsuráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
11. júní 2024, kl. 14:00

Viðstödd: Bjarney Rut Jensdóttir formaður, Anna Lydía Helgadóttir, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir, Karítas Lára Rafnkelsdóttir og Sveindís Valdimarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundarfulltrúi og Íris Eysteinsdóttir ritari.

Magnús Einþór Áskelsson boðaði forföll. Sveindís Valdimarsdóttir sat fundinn fyrir hann.

* * *

1. Fundargerð Samtakahópsins (2024030167)

Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundarfulltrúi fylgdi fundargerð Samtakahópsins úr hlaði.

2. Snjallsímalausir skólar (2023030312)

Lýðheilsuráð Reykjaneshæjar rýndi í könnun sem gerð var fyrir skemmstu með starfsfólki grunnskóla varðandi snjallsíma í skólanum.

Að auki var farið yfir gögn frá Akureyri en frá og með næsta hausti verður símafrí í grunnskólum Akureyrar.

Lýðheilsuráð leggur til að þessi mál verði skoðuð nánar hjá Reykjaneshæ.

3. Kynning á lýðheilsuvísunum í Reykjaneshæ 17. september 2024 (2024050499)

Hafþór Birgisson sagði frá því að fulltrúar frá embætti landlæknis hyggist kynna nýja lýðheilsuvísu í Reykjaneshæ þann 17. september nk. Viðburðurinn verður auglýstur nánar er nær dregur.

4. Forvarnarmál - hjálmanotkun barna og ungmenna (2024050510)

Kristján Freyr Geirsson varðstjóri forvarna hjá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum fór yfir fyrirlestur varðandi hjálmanotkun o.fl. sem hann býður upp á í Vinnuskóla Reykjaneshæjar sumarið 2024.

Lýðheilsuráð þakkar fyrir góða kynningu.

5. Öruggt og ofbeldislaust íþrótta- og æskulýðsstarf í sumar (2024050522)

Lýðheilsuráð tekur undir áskorun Samanhópsins um mikilvægi samveru fjölskyldunnar og minnir á mikilvægi þess að tryggja öruggt og ofbeldislaust íþrótta- og æskulýðsstarf í sumar.

Að auki er vert að minna á grunngildin sem eru að leyfa ekki eftirlitslaus party og sumarbústaðarferðir og alls ekki að kaupa áfengi fyrir börn yngri en 20 ára.

6. Eldhugarnir - mikilvæg lýðheilsuáætlun frá Þorgrími Þráinssyni (2024060070)

Lýðheilsuráð fór yfir 30 mikilvægar hugmyndir frá Þorgrími Þráinssyni sem hann hefur nefnt Eldhugarnir.

Heilræði Þorgríms Þráinssonar eru mikilvæg fyrir allar fjölskyldur að tileinka sér.

7. Vinnuskóli Reykjanesbæjar sumarið 2024 - áherslur forvarna og lýðheilsu (2024020093)

Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi upplýsti lýðheilsuráð um áherslur Vinnuskólans sumarið 2024.

Lýðheilsuráð Reykjanesbæjar óskar íbúum Reykjanesbæjar til hamingju með 30 ára afmælið og hvetur bæjarbúa til að taka þátt í skipulögðum viðburðum sem eru haldnir í tilefni afmælisins og hægt er að kynna sér á 30ara.is.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.38